

Emil Ragnar Hjartarson, formaður:

## Skýrsla stjórnar á aðalfundi FKE 3. maí 2014

### MÓT EFTIRLAUNAKENNARA Í FÆREYJUM

Fyrsta verkefni Félags kennara á eftirlaunum að loknum aðalfundi í maí var eins og venjulega þátttaka í móti norrænna eftirlaunakennara. Mótið var að þessu sinni haldið í Færeyjum. Íslendingar mega senda 10 þátttakendur á þessi mót, sama gildir um Færeyinga en hinar þjóðirnar mega senda 25 fulltrúa þannig að alls eta setið þessar samkomur 120 manns. Sá fjöldi hefur nú aldrei náðst.

Öll framkvæmd mótsins var Færeyingum til mikils sóma eins og þeirra var von og vísa. Veðrið var ekki eins og best verður á kosið en það spillti ekki ánægjunni. Við formann færeysku móttökunefndarinnar sagði ég að hann skyldi ekki hafa áhyggjur af veðurlaginu okkar vegnan, - Íslendingum finndist þeir vera heima hjá sér.

Á næsta ári, árið 2015, er röðin komin að félaginu okkar að sjá um mótið og er þegar farið að velta því fyrir sér. Mótsstaðurinn er ákveðinn. Þátttakendur munu gista í Hótel Selfossi og þaðan gert út. Búið er fyrir löngu að tryggja gistiþláss. Þetta er næstu stjórnar að fást við.

### SUMARFERÐIR

Á síðastliðnu sumri var farið í tvær ferðir. Hinn 10. júlí var farið í dagsferð um hluta af Fjallabaksvegi syðri og umhverfis Tindfjöll um Emstrur og þátttakendur voru 65 og takmarkaðist af bílakosti, sérútbúnir bílar vandfengnir, Sæmundur í Borgarnesi bjargaði. Þessi för var hafin í blindþoku svo sá vart út úr augum og var ekki á að lítast. Við vorum þó hugguð með því af kunnugum að birta myndi til þegar komið væri að Keldum. Það stóð heima og var hið ágætasta ferðaveður þangað til komið var á Hvolsvöll þar sem kvöldverður var snæddur—þaðan ekið í þoku til Reykjavíkur. Leiðsögumenn í þessari ferð voru Jón R. Hjálmarsson og Guðmundur Guðbrandsson. Níunda til ellefta ágúst var svo farið í þriggja daga ferð um Dali og Strandir allt til Norðurfjarðar. Ekið fyrir Klofning á heimleið. Þátttakendur voru 60 og komust færri en vildu en þátttakendafjöldi takmarkaðist af gistirými. Gist var í Bjarkarlundi og á Reykhólum. Matthías Lýðsson, bóndi í Húsavík við Steingrímsfjörð var leiðsögumaður um Strandasýslu en Jón R. Hjálmarsson á öðrum leiðum. Þessi ferð tókst vel. Fyrir utan að kynna mikilfenglegu landslagi og byggðum Strandasýslu var ekki lítil tilbreyting að fylgjast með bátafloata við makrílveiðar á Steingrímsfirði—mokaflí og löndunarbið á Hólmavík og skipstjórar gengu um plássíð í leit að

afleysingamönnum fyrir örþreytta áhöfn.

Fyrsta sumarferðin á vegum Félags kennara á eftirlaunum, sem skráð hefur verið var farin árið 1994. Sumarferðirnar eru nú orðnar 31 talsins. Fyrstu tíu árin var farin ein dagsferð hvert ár en síðan hafa ferðirnar orðið allt frá því að vera eins dags ferð upp í fjögurradaga fer, svo löng ferð að vísu aðeins einu sinni. Í sumar verða farnar tvær ferðir. Eins dag ferð verður farin 25. júlí og hefur hún hlotið heitið Vatnsföll og virkjanir og verður farið um vatnasvæði Þjórsár og Tungnár. Leiðsögumaður verður Hjörtur Þórarinnsson, Selfossi. Dagana 15. -17. ágúst verður farið víðsvegar um Húnaþing og gist í Reykjaskóla í Hrótafirði. Þetta eru söguslóðir Vatnsdælu og Grettissögu og Vatnsenda-Rósu. Heim verður farið um Kaldadal. Þessar ferðir verða auglýstar nánar í fréttabréfi sem gefið verður út maí.

### **FRÆÐSLU- OG SKEMMTIFUNDIR**

Fræðslu- og skemmtifundir félagsins voru í Grand-Hóteli eins og venja hefur verið, fyrsta laugardag hvers mánaða frá október til maí, nema í mars en þá var árshátíðin. Eins og áður hefst hver fundur með því að spiluð er félagsvist en að henni lokinni er ævinlega einhver dagskrá til fróðleiks og skemmtunar. Á fundinum í febrúar var sú breyting að minna var spilað en venjulega en fluttur lengri fyrirlestur um áhugavert efni. Þau sem sáu um dagskrá að lokinni spilamennskur í vetur voru: Emil Ragnar Hjartarson, Reynir Traustason, ritstjóri, Edda Andrésdóttir, sjónvarpsþula, EKKÓ kórinn undir stjórn Bjarts Loga Guðnasonar, Jón R. Hjálmarsson, Þórir Sigurbjörnsson, Bókmenntaklúbbur FKE en af hans hálfu fluttu dagskrá þær Valborg Baldvinsdóttir, Ingibjörg Júlíusdóttir, Ingibjörg Sigurgeirsdóttir og Ragnheiður Jónsdóttir. Þátttaka í Fræðslu-og skemmtifundum hefur verið vel viðunandi og stumdum ágæt. Gert er ráð fyrir að halda þessu starfi áfram og hefur verið samið við Grand-Hótel um að hýsa fundina á næsta starfsári.

### **BÓKMENNTAKLÚBBURINN**

Bókmenntaklúbbur FKE hélt fundi síns í Kennarahúsinu við Laufásveg, annan hvorn fimmtudag, utan einu sinni þegar það hús var upptekið vegna funda verkfallsnefnda. Þá fékk klúbburinn inni í Hvassaleitisskóla og þakka ég skólastjóra þar fyrir greiðviknina og ekki síður fyrir þau orð hennar að til Hvassaleitisskóla mætti leita áfram ef á þyrfti að halda. Þátttaka í starfi bókmenntaklúbbsins var góð. Starfið leiddu þær Ingibjörg Júlíusdóttir og Valborg Baldvinsdóttir. Ég þakka þeim ágætlega unnin störf og þykir gott að geta skýrt frá því hér að þær ætla að vera í forystu fyrir klúbbinn á næsta starfsári. Búið er að tryggja honum pláss í Kennarahúsinu.

### **TÖLVUSTARF**

Ein og mörg undanfarin ár sá Gísli Ólafur Pétursson um að kenna þeim sem vildu læra að nota tölvur sínar með meiri árangri en ella. Öll sem hafa tekið þátt í starfi FKE vita um hinn stóra þátt sem Gísli hefur átt á þeim vettvangi. Hann mætir á Fræðslu-og skemmtifundi með myndasýningar úr starfi félagsins og úr fleiri áttum. Gísli sér um

heimasíðu FKE sem er orðin uppspretta heimilda um starf félagsins og í vetur hefur það bæst við að þegar ákveðið var að senda fréttabréfið út rafrænt hefur hann séð um það. Ég þakka honum fyrir allt sem hann hefur lagt fram.

## **FRÉTTABRÉFIÐ**

Stjórn FKE tók þá ákvörðun að kanna möguleika á að senda fréttabréf FKE rafrænt til félaga sem þess óskuðu og var hvatt til þess að sem allra flestir notfærðu sér það. Þetta var gert vegna þess að póstsending fréttabréfsins var orðin fokdýr. Það er skemmst frá því að segja að tilraunin tókst að okkar mati vel. Sendingarkostnaður minnkaði um helming og er þá hægt að láta félaga njóta þess sem sparast á einhvern hátt. Eins og undanfarin ár hefur Hermann Guðmundsson búið fréttabréfið til prentunar og færi ég honum bestu þakkir fyrir það. Áður hefur verið minnst á þátt Gísla Ólafs í rafrænni útgáfu fréttabréfsins en miklar þakkar á líka Fjóla Ósk Gunnarsdóttir á skrifstofu KÍ sem heldur utan um félagaskrár og vann út úr félagatali okkar lista yfir þá sem eru ekki á skrá yfir netfangshafa og þarf þess vegna að senda í pósti.

## **ÁRSHÁTÍÐ**

Árshátíð félagsins var haldin í mars að venju. Það hefur verið íhugunarefni stjórnar hvernig hvetja mætti til betri þátttöku í árshátíð en þátttaka hefur satt að segja verið afar dræm, um eða rétt rúmlega 60 manns. Í ár var brugðið á það ráð að niðurgreiða þátttökugjald verulega og má segja að þar hafi til dæmis sparnaður af sendingu fréttabréfs komið til góða. Þessi ráðstöfun breytti engu. Gagnlegt væri fyrir þá stjórn sem nú tekur við að fá hugmyndir og ábendingar frá félagsmönnum um þetta efni. Sighvatur Sveinsson, hljóðfæraleikari, sá um dansmúsík og lék undir fjöldasöng, Gísli Einarsson, fréttamaður, flutti bráðskemmtilegt erindi, EKKÓ kórinn söng undir stjórn Bjarts Loga Guðnasonar. Veislustjórn var í höndum formanns félagsins.

## **EKKÓ – KÓRINN**

EKKÓ kórinn hafði æfingaaðstöðu í húsi Menntsvísindasviðs Háskóla Íslands sem þið þekkir kannski betur sem hús Kennaraháskólans við Stakkahlíð. Við þökkum þeim sem þar ráða húsum fyrir alveg sérstaka vinsemd í garð okkar með því að veita okkur þessa aðstöðu án endurgjalds. Æfingar voru einu sinni í viku. Stjórnandi var Bjartur Logi Guðnason. Bestu þakkar til hans fyrir samstarfið. Formaður kórsins er Guðfinna Inga Guðmundsdóttir og er hann í góðum og traustum höndum þar sem hún er og hennar fólk. Kórfélagar eru 43. Kórinn kom tvisvar fram á vettvangi FKE, á árshátíðinni og einum Fræðslu og skemmtifundi. Hann heimsótti dvalarstað eldri borgara í Garðabæ og tók þátt í samsöng í Digraneskirkju ásamt kór eldri borgara í Kópavogi, „Söngvinum“. Starfi kórsins lýkur hinn 6. maí næstkomandi með ferð í Borgarfjörð þar sem tvö heimili eldri borgara verða heimsótt.

## AÐ LOKUM

Frá og með þessum aðalfundi er lokið minni formennsku í Félagi kennara á eftirlaunum - eftir sex ár en það er hámarkstími sem maður má sitja í stjórn FKE. Á sömu forsendum hætta nú störfum gjaldkeri félagsins, Kristín Ísfeld og ritari Hinrik Bjarnason. Ég þakka þeim alveg sérstaklega ágætt og ánægjulegt samstarf og þakka þeim frumkvæði þeirra að ýmsu sem félagið hefur bryddað upp á. Þau sátu í kjararáði KÍ af hálfu FKE - Kristín hélt um fjárreiður félagsins og þurfti ekki af því að hafa neinar áhyggjur. Auk þess að vera ritari var Hinrik okkar aðal sérfræðingur í ferðamálum og er honum fyrst og fremst að þakka að hafa fundið skemmtilegar ferðaleiðir.

Auk þeirra sem nefnd voru hefur Ásdís Gunnarsdóttir óskað eftir að hætta störfum í stjórn FKE þó ekki sé henni það skylt af lagaákvæðum. Ég þakka Ásdísi gott samstarf og fyrir að hafa veitt okkur húsaskjól til funda þegar Kennarahúsið hefur verið fullsetið. Það verður þess vegna allmikil breyting á stjórn FKE á þessum aðalfundi. Þetta hefur verið skemmtilegur tími og harla lærdómsríkur og ástæða til að þakka mörgum samstarfsmönnum, en allra best þakka ég þeim sem hafa tekið þátt í viðburðum á vegum félagsins, ferðalögunum, EKKÓ kórnum, Bókmenntaklúbbnum, tölvustarfi og svo Fræðslu- og skemmtifundunum hérna í Grand-Hóteli. Með þátttöku ykkar stendur eða fellur allt starf félagsins.

Ég óska nýrri stjórn alls hins besta, - megi starf FKE halda áfram að blómstra.  
Ég þakka fyrir mig.